

## 1018. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 26. mars 2009 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Steinar J. Kristjánsson, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Þorlákur Jóhannsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð. Gestir fundarins voru: Helga Árnadóttir sviðsstjóri Rekstarsviðs VR og frá Deloitte hf.; Pálína Árnadóttir og Sólrún Pétursdóttir.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Undir þessum dagskrárlið var rætt að á síðasta fundi hafi verið ákveðið að bera fram tillögu á komandi Aðalfundi VR um framlag í VR varasjóð sem hækkaði úr 0,40% í 0,50% eða í um 450 milljónir króna. Við útreikning kemur í ljós að þá yrði framlagið rúmlega 500 milljónir króna og því lagt til að það sé reiknað 0,45% svo framlag verði um 450 milljónir króna eins og stefnt var að. Samþykkt.

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin, samþykkt og undirrituð.

### 2. Ársreikningar 2008

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Ársreikningur 2008“ sem er ársreikningur VR fyrir árið 2008 frá Pálínu Árnadóttur og Björgu Sigurðardóttur frá Deloitte hf. dags. 26.03 2009. Gunnar Páll fór yfir skjalið. Helstu atriði eru í rekstarreikningi lækkun greiddra félagsgjalda milli 2007 og 2008 en það skýrist m.a. af lækkun iðgjalds um mitt ár 2007. Iðgjöld og skattar hækka til heildarsamtaka, bætur og styrkir hækka, einnig er hækkun á rekstri orlofshúsa m.a. vegna kostnaðar við endurbætur í Miðhúsaskógi. Tap er 415 milljónir króna.

Sigurður Sigfússon, þurfti hér að yfirgefa fundinn og kvaddi hann fundarmenn og þakkaði fyrir gott samstarf á liðnum árum og vék af fundi kl. 18:45.

Mikil rýrnun hefði orðið á hlutabréfaeign vegna bankahruns og eigið fé eru 6,2 milljarðar króna.

Gunnar Páll tók fram að ársreikningar verði nú ásamt ársskýrslu í VR blaðinu.

Pálína Árnadóttir frá Deloitte hf, tók næst til máls, og fór yfir þeirra skoðun og ábyrgð á ársreikningnum. Að því loknu sagðist hún leggja hann fram til samþykktar og var ársreikningur samþykktur með handauppréttingu og síðan undirritaður af fundarmönnum.

Jafnframt dreifði Pálína endurskoðunarskýrslu „VR Endurskoðunarskýrsla 2008“ of fór yfir helstu atriði skýrslunnar. Gunnar Páll þakkaði Pálínu og Sólrúnu frá Deloitte hf og véku þær nú af fundi kl. 19:30

### 3. Lagabreytingar

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Lagabreytingar – Tillögur fyrir aðalfund 2009“.

Í fyrsta lagi er þar um að ræða að breyta 1. gr. laga VR, vegna sameiningar við Verslunarmannafélag Austurlands, og samkvæmt ráðum lögmanns ASÍ þurfum við að telja upp sveitarfélögin á félagssvæði VR á Austurlandi. Verður það því lagt fram í breytingartillögu.

Í öðru lagi er það breytingartillaga frá félagsmanni, Halldóri Halldórssyni, um þrengingu á heimild til ávöxtunar sjóða. Gunnar Páll taldi þessa tillögu góðra gjalda verða en hyggst leggja fram breytingartillögu við e. lið svo sú heimild verði á breiðari grunni, þ.e. það sé mat stjórnar og trúnaðarráðs en ekki bara stjórnar. Voru fundarmenn sammála þeirri breytingu.

Í þriðja lagi var það áður rædd hugmynd um að veita meiri rétt til þeirra sem eru í hlutastörfum og ná ekki lágmarksfélagsgjaldi. Gunnar Páll sagði að við nánari skoðun væri einfaldara að lækka lágmarksfélagsgjald heldur en að fara að breyta lögnum. Lagði hann því til að lágmarksfélagsgjald til þess að öðlast full félagsréttindi lækkaði úr 60% í 30% af félagsgjöldum lágmarkstaxta 18 ára og eldri, eins og þeir eru á hverjum tíma og með því móti færi lágmarksfélagsgjald niður í um 3.600 krónur á ári miðað við stöðuna í dag. Samþykkt.

### 4. Fjárfestingarstefna

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Fjárfestingarstefna VR“ þar sem farið er yfir hugmynd að fjárfestingarstefnu í kjölfar breyttra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Þetta var áður samþykkt af stjórn en vantaði nánari tölur sem hér liggja fyrir sem hugmynd og sem endurspeglar þær umræður að sjóðir félagsins séu í auknum mæli ávaxtaðir á innlánsreikningum og í innlendum skuldabréfum.

### 5. Siðareglur

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Siðareglur – Stjórn VR – Fulltrúar VR í stjórnnum og nefndum – Starfsmenn VR“. Þetta er skjal sem unnið var í vinnuhóp um málið og verður fjallað um undir dagskrárliðnum, önnur mál, á komandi Aðalfundi VR. Gunnar Páll fór yfir skjalið sem ætti að vera okkur sem vegvísir í öllum störfum fyrir félagið.

Næst fór Gunnar Páll yfir skjal um verklagsreglur vegna setu í stjórnnum og nefndum en ekki hafði gefist tími til að dreifa því fyrir fundinn. Það ætti að verða sent fundarmönnum í tölvupósti á morgun. Gunnar Páll taldi að skýra þyrfti betur skilgreiningu á hugtakinu „nefnd“ í þessum reglum því það sé of opið í túlkun. Rannveig tók fram að þarna væri verið að tala um allar nefndir sem VR þarf að manna en ekki starfsmannanefndir. Gunnar Páll taldi að þetta þyrfti að vinna betur og ef það yrði ekki klárt fyrir aðalfund yrði það aðeins kynnt lauslega á fundinum en ekki lagt fram.

### 6. Orlofsjóður - ferðir til útlanda

Gunnar Páll lagði fram fundargerð orlofsstjórnar dags. 23.03 2009. Fór

Gunnar Páll yfir helstu atriði fundargerðar og kom fram að búið væri að semja um hús á Vaðlaheiði utan Akureyrar en enn sé verið að semja um hús á Ólafsfirði, Blönduósi og í Kjós.

Rætt var um að bjóða 150 orlofsmiða þann 15. apríl n.k. sem kynnt verður í VR blaðinu. Er það 30. þús. króna afsláttarmiði í pakkaferðir hjá Ferðaskrifstofu Íslands sem félagsmönnum býðst að kaupa á kr. 10. þús og leggur VR til 10. þús. krónur og ferðaskrifstofan aðrar 10. þús. krónur og er því ígildi 20. þús. króna styrkjar sem gildir út árið. Hægt verður að fá endurgreitt ef miði er ekki notaður. Verður þetta boðið þeim sem koma á skrifstofu eða hringja en í þetta sinn verður það ekki í boði á netinu vegna tæknimála. Miklar umræður urðu um þetta mál og sýndist sitt hverjum. Sumir töldu þetta of lítið og aðrir að betra væri að sleppa þessu alveg. Samþykkt að fara þessa leið, einn á móti og tveir sátu hjá.

Einnig lagt fram hugmynd, til hugleiðingar, um 500 miða á 2000 krónur sem væru niðurgreiðsla á hótलगistingu og rætt um hugmynd um aðkomu VR að veiði- og tjaldstæðakorti. Valur víðraði þá skoðun sína að við ættum að nýta okkur stærð félagsins til að ná betri kjörum í slíkum samningum.

#### 7. Skrifstofa á Egilsstöðum

Gunnar Páll lagði fram skjalið „*Skrifstofa á Egilsstöðum*“ þar sem listaður er kostnaður við leigu á húsnæði á jarðhæð við Kaupvang 3 á Egilsstöðum. Samtals eru það um 116 fermetrar en búið er að selja Afli stéttarfélagi gamla húsnæðið. Gunnar Páll sagði að hyggilegast sé að kaupa ekki strax en við höfum forkaupsrétt. Rannveig kom með þá ábendingu hvort félagasamtök fái ekki niðurfellingu á virðisaukaskatti af endurnýjun og viðhaldi húsa og vildi hún einnig að leitað yrði hagstæðustu verðtilboða í verkþætti.

#### 8. Starfsmenntasjóður

Stefanía lagði fram skjalið „*SVS Ársskýrsla 2008*“ sem er ársskýrsla Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks. Kynnti Stefanía helstu atriði ársskýrslunnar og kom þar m.a. fram að veittir voru 5.797 styrkir á árinu að upphæð kr.132,6 milljónir króna.

Að þessum dagskrárlið loknum vék Helga Árnadóttir af fundi, kl. 20:15

#### 9. Styrkir

Stefanía leggur fram styrkbeiðni frá Rauða krossi Íslands, með bréfi dags. 18.03 2009. Óskað er eftir styrk kr. 500. þús, vegna Mentor verkefnisins sem hefur það að markmiði að styðja 50 konur af erlendum uppruna til að kynna landi og þjóð. Samþykkt.

#### 10. Trúnaðarmenn

a	Elsa Gunnarsdóttir	Íslenskir fjallaleiðsögumenn	Nýr
b	Guðrún Þorgilsdóttir	Miklatorg hf.	Nýr
c	Ester Guðbjörnsdóttir	Hátækni ehf.	Nýr
d	Björg Guðmundsdóttir	Fjarðarkaup	Endurkjör

e	Þóra Lilja Reynisdóttir	Fjarðarkaup	Nýr
f	Hafdís Kristinsdóttir	Icelandair Technical Services	Endurkjör
g	Hörður Kristinsson	Sláturfélag suðurlands	Nýr
h	Rósmary Úlfarsdóttir	VR	Endurkjör

Samþykkt.